



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

OPIÐ HÚS Á BESSASTÖÐUM Á MENNINGARNÓTT

Á morgun, laugardaginn, 24. ágúst, verður forsetasetrið að Bessastöðum opið almenningi sem liður í Menningarnótt 2019. Gestum býðst að skoða Bessastaðastofu milli klukkan 13:00 og 16:00.

Auk hinna merku steinhúsa frá 18. öld geta gestir virt fyrir sér sýnishorn gjafa, sem forseta hafa borist, og fornleifar sem veita innsýn í búsetu á Bessastöðum frá landnáms tíð. Gestir munu geta skoðað Bessastaðastofu alla sem og móttökusal og bókhöfuð forsetasetursins. Þá mun fyrsti forsetabíllinn, Packard bifreið Sveins Björnssonar, standa í hlaði Bessastaða en bifreiðin er árgerð 1942.

Starfsmenn embættis forseta veita leiðsögn um staðinn og verða ásamt sjálfboðaliðum gestum til aðstoðar.

23. ágúst 2019

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).